

Bláskógabyggð  
Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Félagsheimilinu Aratungu  
801 Selfoss

Reykjavík, 14. febrúar 2024  
UST202402-030/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 - Frístundabyggð í landi Úteyjar 2**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir Útey 2.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að vestan Laugarvatnsvegar verði 7,4 ha við núverandi frístundabyggð (F21) breytt úr frístundabyggð í landbúnaðarland og 9 ha frístundabyggðar nær vegi verði breytt í landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að austan vegar verða skilgreind þrjú frístundasvæði alls 26 ha og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Auk þess bætist nýtt 3 ha svæði norðan við núverandi frístundasvæði og tengir saman svæðin sem fyrir eru við Tunguveg í landi Útey 2 og Esso svæðið. Heildaraukning frístundahúsasvæða í Útey 2 verða því um 13 ha.

Einnig kemur fram að til viðbótar þarf að leiðrétta staðsetningu á vatnsbóli (VB5) í heiðinni og efnisnámu (E25) við Eyjaveg. Við vatnsból VB5 er bætt við grannsvæði í kringum bólið skv. fyrra álit HSL.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á lýsingarstigi 17. apríl sl.<sup>1</sup>

### **Forsendur**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nái ekki til votlendis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.<sup>2</sup> Frístundasvæðin F111 og F112 eru skilgreind fyrst og fremst sem mólendi.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20%c3%9atey%20%20.pdf>

<sup>2</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>3</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að verndun votlendis og bendir stofnunin á mikilvægi þess að framkvæmdir valdi ekki fyrirstöðu og þurrkáhreifum, en votlendi hafa margvíslegt gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.
- Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**